

Boðskapur heimsóknarkennara, júní 2011

Styrkja fjölskyldur með efnislegu sjálfstæði

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á. Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Trú • Fjölskylda • Líkn

Að keppa að sjálfstæði - getunni til að sjá um sjálfan sig og fjölskyldur okkar - er ábyrgð allra systra. Við öðlumst efnislegt sjálfstæði þegar okkur lærist að hafa unun af starfinu, er við af innblæstri reynum að finna hvernig best er að sjá fyrir okkur og störfum með fjölskyldunni að því að sjá fyrir okkar nauðþurftum.

Þegar við erum sjálfstæð og sjálfbjarga, notum við blessanir okkar og úrræði til að sneiða hjá erfiðleikum og til viðbúnaðar. Sjálfstæði okkar eflist þó er við biðjum um hugrekki til að takast í trú á við erfiðleika sem vissulega koma. Efnislegt sjálfstæði gerir okkur einnig kleift að halda sáttmála okkar um að annast aðra.

Í Líknarfélaginu er okkur kenndar reglur og sjálfstæði. Systur geta lært fjárhagsáætlun, skuldaniðurgreiðslu, atvinnuhæfni, ritningarnar og fagnaðarerindið, hvernig kenna á öðrum að lesa og læra, tæknifræði, heilsu- og líkamsrækt, ávanarof og bata, félags- og tilfinningahæfni, sjúkdómavarnir, garðyrkju, framleiðslu og varðveislu matvæla, neyðarviðbúnað og margt annað sem gerir þær sjálfstæðari. 1

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins, útskýrði: „Það að sjá fyrir okkur sjálfum og öðrum staðfestir að við séum lærisveinar Drottins Jesú Krists. ... Þegar [tengdamóðir mín] lést skyndilega á síðasta ári, skildi hún eftir sig arfleifð sjálfstæðis. Hún hafði gild musterismeðmæli og ritningarnar hennar og trúarbækur voru mikið notaðar. Af ástúð skiptum við með okkur pottunum og eldhúsáhöldunum sem hún hafði notað til að búa til ótal máltíðir. Hún skildi eftir sig vattteppi sem hún hafði búið til úr gömlum fatnaði. Hún hafði trú á hinum forna málshætti: „Því áttu svo fátt að þú nýttir ei smátt.“ Við sáum matarbirgðirnar sem hún hafði komið sér upp og varðveitt. Einkar hjartnæmt var að sjá litlu bókhaldsbækurnar hennar, þar sem hún skráði vandlega margra ára útgjöld. Hún var forsjál og skildi því eftir sig neyðarsjóð sem hún hafði komið sé upp og hún var skuldlaus! Mikilvægast var þó að hún hafði kennt og veitt mörgum innblástur með þeirri kunnáttu sem hún hafði tileinkað sér í trúföstu lífi sínu.“ 2

Úr ritningunum

Jóh 13:34-35; Jakbr 1:27; Mósía 4:26; Kenning og sáttmálar 29:34-35; 38:30; 44:6

Úr sögu okkar

Líknarfélagssystur hafa ætíð látið að sér kveða í sálhjálpstarfinu, bæði stundlega og andlega. Í hverri viku er Líknarkvennfélag Nauvoo kom saman gerðu systurnar grein fyrir hinum þurfandi. Peningagjöfum og vörum var dreift til að líkna hinum nauðstöddu og hæfileikar og tími helguð þeim til handa. Slíkt líknarstarf hefur verið megin hlutverk Líknarfélagsins í gegnum kynslóðir.

Þegar hinir heilögu komu til Saltvatnsdalsins, ráðlagði Brigham Young forseti (1801-77) systrunum að koma hinum nauðstöddu til hjálpar og tileinka sér kunnáttu sem gerði þeim kleift að sjá sjálfum sér farborða. Hann sagði: „Lærið að sjá ykkur farborða; sáið korni og hveiti og varðveitið fram að örðugri tíð.“ 3 Líknarfélagið heldur áfram að kenna sjálfstæði, undir leiðsögn prestdæmisins, til að vernda fjölskylduna og hvetja til persónulegs réttlætis og kærleiksverka, hinnar hreinu ástar Krists.

Heimildir

1. Sjá Handbook 2: Administering the Church (2010), 9.4.2.
2. Julie B. Beck, “The Welfare Responsibilities of the Relief Society President,” Basic Principles of Welfare and Self-Reliance (2009), 6.
3. Teachings of Presidents of the Church: Brigham Young (1997), 231.

Hvernig get ég hjálpað systrunum og fjölskyldum þeirra til að verða efnislega sjálfstæðari?

Hvernig get ég aukið efnislegt sjálfstæði mitt?

Frekari upplýsingar eru á www.reliefsociety.lds.org.